

# Ársskýrsla Golfklúbbs Hornafjarðar fyrir árið 2018

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2018.

Félagar í klúbbum eru 87.

Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Halldóra Bergljót Jónsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn.

Í mótastjórn eru: Stefán Viðar Sigtryggsson, Bjarnar Karlsson, Björn Sigfinnsson, Guðmundur Borgar, Haraldur Jónsson, Guðrún Ingólfssdóttir, Guðrún Ester Þorsteinsdóttir, og Arnar Þór Jónsson.

Endurskoðendur reikninga: Ari Jónsson og Kristín Hermannsdóttir

Rekstur félagsins:

Óli Kristján Benediktsson sá að venju um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. Félagsmenn komu víða að viðhaldi, fegrun og framkvæmdum í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Vorið 2018 opnuðu Arndís Lára Kolbrúnardóttur og Barði Barðason kaffihúsið Kaffi Tee í golfskálanum, Ýmsar útréttingar þurfti til þess að sá rekstur væri mögulegur, t.d. bætt aðgengi fyrir fatlaða, auka vaskur í eldhús ofl.

Sveitarfélagið veitti styrk til GHH til að klára framkvæmdir við vélageymslu, handrið og sólpall-útsýnispall ofan á þak geymslunnar. Félagsmenn unnu verkið í júní. Keyptur var pallbíll, TORO-Workman.

Mót á árinu 2018 voru með allra mesta móti og bættist m.a. við sérstök kvennamótaröð sem tókst einstaklega vel. En mót ársins voru eftirfarandi: Kvennamótaröð þar sem fjögur mót voru leikin á Silfurnesvelli en lokamótið á Reyðarfirði. Nettómótaröðin samanstóð af 10 mótum. Önnur mót voru Olís-texas, Minningarmót Gunnars Hersis Benediktssonar, Húsasmiðjumótið, Opna Skinney-Þinganes, Landsbankamótið, Jöklamótið, Meistaramót GHH og Kjötsúpumót. Af framtöldu má sjá að af nægu var að taka í mótshaldi hjá klúbbum og verður svo vonandi um ókomin ár.

Andrea Ásgrímsdóttir golfkennari var með golfkennslu 31. maí - 2. júní og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna. Ánægjulegt var að sjá fjölda barna og unglinga sem nýttu sér kennsluna.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 9. mars 2019

Stjórn GHH.